

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningasjóð Jóns Ólafs Guðmundssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningasjóð Jóns Ólafs Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ljósasjóður Jóns Ólafs Guðmundssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru Guðmundur Kristinn Jónsson, Sesselja Guðmunda Sigurðardóttir og Sigríður Guðmundsdóttir, Skriðustekk 22, Reykjavík. Auk þess Helgi Sigurður Guðmundsson, Dísarási 14, Stefanía Guðríður Guðmundsdóttir, Blöndubakka 1 og Kristín Guðmundsdóttir, Birkihlíð 32, Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jón Ólaf Guðmundsson f. 17. apríl 1972 er lést af slysförum 1. júní 1984.

4. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 10 000,00 kr.- tíu þúsund krónur. Stofnframlag sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera við Breiðholtskirkju í Reykjavík. Hann skal styrkja kaup á ljósastjökum og ljósabúnaði til nota í Breiðholtskirkju í Reykjavík.

6. gr.

Ráðstöfunartekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, tekjur af sölu minningarkorta og önnur framlög í sjóðinn.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu safnaðarnefndar Breiðholtssóknar. Sjóðnum skal skipuð þriggja manna stjórn. Í stjórninni á sæti sóknarprestur Breiðholtsprestakalls, einn maður tilnefndur af stofnendum sjóðsins og síðar afkomendum stofnenda og einn maður tilnefndur af safnaðarnefnd Breiðholtssóknar. Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir á bestu fáanlegu bankareikningum hverju sinni. Safnaðarnefnd sér um reikningshald sjóðsins, en reikningsár er almanaksárið. Aðalfund sjóðsins skal halda í tengslum við aðalfund Breiðholtssafnaðar.

8. gr.

Sjóðnum skal skipa endurskoðendur og mega þeir vera þeir sömu og reikninga Breiðholtssóknar.

9. gr.

Verði samþykkt að leggja sjóðinn niður skulu allar eigur hans renna til Breiðholtskirkju. Til þess að sú ákvörðun sé lögmæt þurfa allir stjórnarmenn að samþykkja hana.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.